



## Auglýsing um breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 vegna nýs sorpflokkunarsvæðis í landi Grímsstaða.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps áformar að setja upp sorpflokkunarsvæði í landi Grímsstaða norðan Mývatns. Gámasvæði hefur verið við Múlaveg í Reykjahlíð (svæði 123-I) en þörf er fyrir stærra svæði þar sem rými verður fyrir flokkun úrgangs til brottflutnings og endurvinnslu. Stefnt er að því að koma upp móttöku- og flokkunarsvæði við þjóðveg 1 norðan afleggjara að Rönd, suðaustan við Bæjaröxl. Svæðið verður afgirt og vaktað, um 2.200 m<sup>2</sup> í fyrsta áfanga en gert er ráð fyrir allt að 4.000 m<sup>2</sup> svæði til framtíðar. Af þessum sökum þarf að breyta Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011 - 2023 þannig að sett verði inn tákni fyrir iðnaðarsvæði á uppdrátt og settir skilmálar um landnotkun og nýtingu í greinargerð. Iðnaðarsvæðið verður sérhæft til þessara nota

Þegar vinna við breytingu á aðalskipulagi hefst, skal sveitarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefnum. Í skipulagslýsingu koma fram áherslur sveitarstjórnar við skipulagsgerðina og upplýsingar um forsendur og fyrirbyggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli, svo sem um kynningu og samráð við skipulagsgerðina gagnvart íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum.

Skipulagslýsing skv.1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mun liggja frammi á skrifstofu Skútustaðahrepps frá og með fimmtudeginum 6. maí til og með fimmtudeginum 27. maí 2015. Lýsingin verður og aðgengileg á sama tíma á heimasíðu Skútustaðahrepps: <http://www//myv.is> undir: Skipulagsauglýsingar (hnappur á forsíðu). Þeim sem vilja gera athugasemdir við lýsinguna eða koma með ábendingar er gefinn frestur til og með 26. maí til að koma þeim skriflega á framfæri til skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatn og/eða í tölvupósti á netfangið: [bjarni@thingeyjarsveit.is](mailto:bjarni@thingeyjarsveit.is).

Allar nánari upplýsingar gefur undirritaður  
Bjarni Reykjalin  
skipulags- og byggingarfulltrúi Skútustaðahrepps

# Mýflugan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Hrafnhildur Geirsdóttir  
Sími: 464 4343, 866 0311  
Netfang: [myflugan@emax.is](mailto:myflugan@emax.is)

16. tbl. 8. árg. miðvikudaginn 4. maí 2016

## Afmælisbörn dagana 5. maí — 11. maí 2016

5. Guðrún Þórarinsdóttir.
6. Ellert Rúnar Finnbogason, Sigríður Stefánsdóttir.
7. Halldór Árnason.
8. Bárður Jón Gunnarsson, Tinna Sigurrós Zarióh.
9. Kristín A. Sigurðardóttir Hammer, Sigrún Sverrisdóttir.
10. Helgi James Þórarinsson.
11. Börkur Heikur Hjartarson, Elín Jónsdóttir, Fannar Rafn Gíslason,

Framhaldsaðalfundur  
Félags eldri Mývetninga verður haldinn  
á sama stað og sama tíma laugardaginn 7. maí.

Stjórnin.

**Aðalfundur Skútustaðasóknar**  
verður haldinn í Skútustaðakirkju  
miðvikud 11. maí kl. 20:30.

Dagskrá: 1. Venjuleg aðalfundarstörf  
2. Ársreikningar  
3. Kosningar  
4. Önnur mál

Sóknarnefnd



## Jarðböðin Mývatnssveit.

Langar þig til að vinna við ferðaþjónustu í sumar á ævintýrlegum stað í Mývatnssveit?

Við í Jarðböðunum leitum eftir sumarstarfsfólki í fjölbreytt og skemmtileg störf við afgreiðslu og í Kaffi Kvik.

Mikilvægt er að viðkomandi sé góður í mannlegum samskiptum og með gott vald á ensku í töluðu og rituðu máli.

Jarðböðin eru lifandi vinnustaður með góðum starfsanda, ert þú sá sem við erum að leita að ?

Fyrirspurnir og umsóknir sendist á framkvæmdarstjóra Jarðabaðanna á netfangið [birgisson@jarbodin.is](mailto:birgisson@jarbodin.is)

## Mýflugan

**Kæru lesendur  
og viðskiptavinir.**

Mýflugan kemur út á miðvikudögum.

Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 14:00 á þriðjudögum.

Netfang: [myflugan@emax.is](mailto:myflugan@emax.is) eða í síma 464 4343/ 866 0311

### Verðskrá:

1/3 síðu auglýsing 2.600 kr. m/vsk.

1/2 síðu auglýsing 3.700 kr. m/vsk.

1/1 síðu auglýsing 4.800 kr. m/vsk.

Kveðja, Hrafnhildur.

